

Nd.

106. Frumvarp til laga

[86. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gislason, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

H-liður 4. gr. laganna (Sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum) falli niður.

2. gr.

- a. Á eftir orðinu „Nýmjólk“ í 2. tölul. 6. gr. laganna komi: og önnur innlend matvæli.
- b. Á eftir 2. tölul. komi nýir liðir, svo hljóðandi:
1. Kaffi, sykur og kornvörur.
 2. Olía.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt af því, sem Framsóknarflokkurinn lagði áherzlu á sem úrræði við lausn efnahagsvandamála í viðræðum þeim, sem fram fóru á milli stjórnmalaflokkanna, var það að „minnka vandann“, þ. e. að draga úr kostnaði við atvinnurekstur og framfærslu á heimilum. Þetta frv er einn liður í þeirri keðju að draga úr kostnaði, og miðar það að því að draga úr kostnaði við rekstur heimilanna í landinu. Engum, sem metur hlutina rétt, getur blandast hugur um það, að afkoma heimilanna hefur stórversnað tvö síðustu árin. Þó hefur útlitið aldrei verið verra en nú.

Engan þarf að undra, þótt fram komi á Alþingi frv. eins og það, sem hér er flutt, ekki sízt þegar verðlagsþróun síðustu ára er höfð í huga, minnkandi atvinna og verulega dregið úr niðurgreiðslum ríkissjóðs, eins og ákveðið var á síðastliðnu ári.

Með verðstöðvunarlögunum haustið 1966 var ákveðið, að ríkissjóður greiddi niður vöruverð svo sem hér greinir:

Dilkakjöt	33.5%	af heildarverði (smásöluverði)
Nýmjólk	66.5%	— — —
Smjör	93.9%	— — —

Enn fremur voru þá niðurgreiðslur á smjörliki og ostum.

Nú eru þessi hlutföll sem hér segir, miðað við 15. nóv. s. l.:

Dilkakjöt	17.7%	af heildarverði
Nýmjólk	51.7%	— —
Smjör	63.9%	— —

Niðurgreiðslu á smjörlíki og ostum er hætt.

Því verður ekki trúað, að þeir ráðamenn þjóðarinnar, er stóðu fyrir verðstöðvunarlögnum 1966, lögum, sem byggðust á því, að ríkissjóður greiddi niður vöruverð í svo ríkum mæli, af því að fólkið í landinu gæti ekki greitt nauðsynlegustu matvæli með svo háu verði með þeim tekjum, er það hafði þá, geti neitað nú um þessa lækkun á nauðsynlegustu matvælum og fleiri allra nauðsynlegustu vörutegundum, sem hér er lagt til að lækka verð á. Það eru heldur engin rök, að ríkissjóður geti ekki af þessum tekjum misst.

Við flutningsmenn þessa frv. gerum okkur grein fyrir erfiðum fjárhag ríkissjóðs og höfum oft leitt rök að því, að svo mundi verða með þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið. Við gerum okkur þó ljóst, að ríkissjóður getur sparað útgjöld á móti þessum tekjumissi og á ólíkt léttara með það en heimilin í landinu, þar sem kjör þeirra eru rýrð um 10—18% með efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Þetta frv. er flutt til að bæta að litlu leyti úr þeim vanda, sem stefnan í efnahagsmálum hefur leitt til, á þann hátt, sem auðveldast er.